

## Jafnréttisjörð kvenfrelsunarstofnunar SP (UN Women)

Kvenfrelsunaráróðursdeild Sameinuðu þjóðanna (SP), hefur nú samið þá lýsingu að kvenfrelsunarsamfélagi, sem lögð hafa verið drög að síðustu áratugi. Lýst er þroskuðu og skemmtilegu og umfram allt öruggu samfélagi. Í höfuðborginni sprangar hamingjusamt fólk um Staðalímyndarleysu-stræti, Ofbeldisleysu-stræti og Jafnlauna-stræti, þrútt og frjálst í fasi, hamingjusamt og heilt, heilbriggt til líkama og sálar og hefur nóg að bíta og brenna. Þar er varla – eins og í ríkisstjórn Joe Biden og Kamala Harris – hvítan karl að sjá, en allir hinir blanda geði í gleði sinni á Samlyndistorgi.

“Frelsi er ein grunnstoða lífsins á Jafnréttisjörð. Frelsi til tjáningar og ferða, frelsi til sjálfsskilnings, frelsi til þess að ákveða, hversu mörg börn þú eignast, og til stjórnar á eigin líkama.”

Svo hugsa kvenfrelsunarhugmyndafræðingar SP sér sviþmynd á Staðalímyndaleysustræti: „Innir þú telpuhnátu á rölti um Staðalímyndaleysustræti eftir því, hvað hún vilji leggja fyrir sig, þegar hún verði stór, gæti henni hugkvæmst, hvað sem er: Vísindamaður, verkfræðingur, hæstaréttardómari, Ólympíumeistari, listamaður eða geimfari – himininn sjálfur setur jafnvel engin mörk hinum stóru draumföllum.“

Sviðsmyndir eru uppörvandi. Á Ofbeldisleysustræti sjást tvær konur, önnur þeirra í hjólastóli. Það er barasta steinsnar í næstu stuðningsþjónustu.

Áhrifamesta stofnunin á Jafnréttisjörðinni er án vafa Endurvinnslustöð fyrir eitraða karlmennsku. Þar fer að sönnu fram merkileg starfsemi: Þar „er eitruðu hátterni umbreytt í viðhorf, sem stuðla að jafnrétti kynjanna, í nýhugsunarsamræðum og námi. Til að mynda er þar umsnúið til heilbrigðari vega væntingum í þá veru, að drengir skulu ekki sýna tilfinningar eða þeir hafi til að bera eðlilega ýgi, [þ.e.] virðingar fyrir því, að hver og einn fái að lifa í sjálfi sannleikans, í algleymi tilfinninga, drauma og hæfileika. Róf kynvitundar og -tjáningar leysir af hólmi tvískauta skilgreiningar á kyni [þ.e. karli og konu].“

„Þegar Jafnréttisjarðarinnar eru hamingjusamari og líður betur á sál og líkama en öðrum, því þeir hafa verið frelsaðar undan kúgandi kynhlutverkum. Drottunargjarnir karla leggja [ekki lengur] stein í götu þeirra.“

„Á Jafnréttisjörðinni afneita engir hamfarahlýnun (climate change). Allir sem einn taka höndum saman um að hindra hlýnun og eyðileggingu auðlindanna. ... Og eins og sjá má, eru konur í fararbroddi til jafns við karla. Kvenleiðtogar í viðskiptalífi og ríkisstjórnnum hafa átt frumkvæði að stefnumótun til að vernda umhverfið. Á Jafnréttisjörðinni hafa verið uppgötvaðar nýjar leiðir til sjálfbærni með því að draga úr kolefnislosun og matarsóun.“

“Konur og stúlkur geta farið ferða sinn óáreittar að kvöldlagi. Þær þiggja sömu laun og karlar fyrir jafngild störf.” (Sbr. Umræðu í morgunhljóðvarpi RÚV við Þórð Snæ Júlíusson 2. feb. 2021).

“Álit kvenna vegur jafn þungt og álit karla í ákvörðunum, er snerta líf þeirra, líkama, stefnumótun og umhverfi. Stúlkur munu metnar að verðleikum til jafns við stráka.”

“Á Jafnaðarjörðinni stuðlar sameiginleg valdeflingarreynsla að því, að þær [konur] leiti til hvernar annarrar, fremur en sameiginleg reynsla af misnotkun og kynáreitni.”

“Morð á konum eiga sér ekki stað, hér eru konur metnar að verðleikum og virðing sýnd.”

“Heimilisofbeldi er sjaldgæft vegna strangra laga gegn því og stuðningsþjónusta er tiltæk fyrir fórnarlömbin. Þar sem grundvallarviðmið er jafnrétti kynjanna er vald í nánnum samböndum það sama en ekki undirokandi eða eitruð [af karla hálfu].”

”Sérhver kona eða stúlka, ung sem gömul, hefur aðgengi að alnæmisprófi, án [þess að verða fyrir] mismunun og smán.” (Á Jafnréttisjörðinni virðist gert ráð fyrir gömlum stúlkum.)

Höfundar þessa draumórasamfélags bjóða lesanda upp á svokallaða veruleikaskoðun. Það er öll ástæða til að gjalda varhug við henni. Yfirleitt er þessi speki sótt til kvenfrelsunarvísinda, sem oft og tíðum segja brenglaða sögu og ófullkomna. Þó er á það bent, að karlar fremji sjálfsvíg margfalt oftar en konur.

<https://www.unwomen.org/en/digital-library/multimedia/2020/2/illustration-equiterra-gender-equality-utopia>